Mestar líkur eru því á að sameining Kóreu, sem þorri landsmanna í báðum ríkjum líklega vill, yrði með svipuðum hætti og sameining Þýskalands. Að hið ríka suðurríki einfaldlega innlimaði að talsverðum mun hið fátækara og vanþróaðra norðurríki.

## Tekur á taugarnar

Gera má fastlega ráð fyrir að Kim Il-sung vilji sem flestir landar hans Kóreu sameinaða, en aðeins undir sinni stjórn eða sinna eftirmanna. Með það í huga er það trúlega sem hann nú segist ætla að ógilda aðild Norður-Kóreu að sáttmálanum gegn kjarnavopnaútbreiðslu, sem Norður- Kórea undirritaði 1985. Þykkjan milli Norður-Kóreu og umheimsins hefur vaxið á ný (eftir vísi að þíðu), vegna þess að Norður-Kórea hefur, þrátt fyrir aðild að sáttmálanum, komið í veg fyrir að eftirlitsmenn frá S.Þ. gætu haft það eftirlit með kjarnorkuverum þarlendis, sem nauðsynlegt er talið til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort kjarnavopn séu þar framleidd eða ekki. Leyniþjónustur og kjarneðlisfræðingar af ýmsum þjóðum virðast nú sannfærð um að ekki líði á löngu áður en Norður-Kórea verði komin með kjarnavopn í hendur. Ýmsir athugendur, eins og Leslie H. Gelb, kunnur greinahöfundur um alþjóðamál fyrir New York Times, telur þar að auki ekki ósennilegt að Norður- Kóreumenn eigi nú þegar efna- og sýklavopn. Spárnar um að Norður- Kórea verði kjarnavopnaveldi á næstunni byggjast ekki hvað síst á upplýsingum frá rússneskum kjarneðlisfræðingum, sem voru í talsverðum samböndum við Norður- Kóreu meðan þeir voru sovéskir. Fyrstu kjarnaflaugar Kim Il-sungs kunna að verða „frumstæðar“, segja sérfræðingar um þetta, en gætu þó dregið t.d. til Japans. „Það er nú þegar farið að taka á taugarnar,“ sagði japanskur hershöfðingi hæversklega, er hann var spurður álits um þetta.

Komist þeir Kimfeðgar upp með að framleiða kjarnavopn í trássi við S.Þ., eru miklar líkur taldar á að hefjist nýtt kjarnavopnakapphlaup, sem ómögulegt reynist að hafa nokkurn hemil á. Japan, Suður-Kórea, Taívan muni þá reyna allt hvað þau geta að útvega sér kjarnaflaugar til mótvægis við þær norðurkóreönsku. Og önnur ríki — einna helst sum þeirra íslömsku og Indland, sem sum hver geta líklega þegar framleitt kjarnavopn — muni þá kasta af sér öllum hömlum hvað þesskonar vígbúnaði viðvíkur.

„Er að hefjast tímabil óútreiknanlegra kjarnavopnahótana frá óútreiknanlegum ríkjum? Endar það með því að allir eignast Bombuna?“ spyr Der Spiegel af þessu tilefni.



*Kínverjar sprengja vetnissprengju 1976: verður þess háttar bráðum „almannaeign“?*


**NÝ ALÖ QUICKE 600**

***NÝTT STJÓRNTÆKI!***
Öllum aðgerðum ámoksturstækjanna er stjórnað með einni stjórnstöng. Einnig vökvaúrtökum fyrir rúllubaggagreip o.fl.






***NÝTT!***
Nýtt skófluhraðtengi með fjöltengibúnaði og sjálfvirkri læsingu sem gerir kleift að tengja aukahluti frá ALÖ og flestum öðrum framleiðendum ámoksturstækja. T.d. skóflur, rúllubaggagreipar, lyftigaffla o.fl.

***Vegna hagstæðs gengis sænsku krónunnar getum við boðið þessi nýju og vönduðu tæki frá stærsta ámoksturstækjaframleiðanda í heimi á sérlega góðu verði.***

Globus hf
Lágmúla 5, s:681555


# Úthlutun listamannalauna

Úthlutunarnefndir listamannalauna, samkvæmt lögum nr. 35/1991, hafa fyrir nokkru lokið störfum. Alls bárust 434 umsóknir um starfslaun listamanna. Listasjóði bárust 88 umsóknir. Launasjóði myndlistarmanna bárust 162 umsóknir. Launasjóði rithöfunda bárust 153 umsóknir. Tónskáldasjóði barst 31 umsókn.

### Úr listasjóði

**3 ár**

Áshildur Haraldsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þorsteinn Gauti Sigurðsson

**1 ár**

Halldór E. Laxness
Hallveig Thorlacius
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson
Sigrún Eðvaldsdóttir

**6 mánuði**

Alda Arnardóttir, Arnaldur Arnarson, Auður Bjarnadóttir, Edda Erlendsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Guðmundur Jónsson, Guðný Guðmundsdóttir, Guðríður St. Sigurðardóttir, Gunnar Kvaran, Helga Arnalds, Inga Bjarnason, Katrín Didriksen, Kristinn H. Árnason, Kristín Jóhannesdóttir, Messíana Tómasdóttir, Pétur Eggerz, Pétur Jónasson, Ragnheiður Tryggvadóttir, Selma Guðmundsdóttir, Sigrún Valbergsdóttir, Snorri Þórisson, Sverrir Guðjónsson, Valgeir Guðjónsson, Þór Hrafnsson Tulinius, Þórunn Sigurðardóttir, Örn Magnússon.

### Ferðastyrk

Ásdís Skúladóttir, Einar Kristján Einarsson, Guðrún Birgisdóttir, Hlín Gunnarsdóttir, Kolbrún Kristjana Halldórsdóttir, Kristín G. Magnús, Martial Guðjón Nardeau.

### Úr launasjóði myndlistarmanna

**3 ár**

Kristján Guðmundsson, Tumi Magnússon.

**1 ár**

Ásgerður Búadóttir, Daði Guðbjörnsson, Georg Guðni Hauksson, Hannes Lárusson, Ingólfur Arnarson, Jón Óskar Hafsteinsson, Sigurður Árni Sigurðsson, Svala Sigurleifsdóttir.

**6 mánuði**

Arngunnur Ýr Gylfadóttir, Bjarni H. Þórarinsson, Helgi Gíslason, Hringur Jóhannesson, Jón Axel Björnsson, Kolbrún Björgólfsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir, Kristján Steingrímur Jónsson, Magnús Pálsson, Sigrún Guðjónsdóttir, Sigurður Örlygsson, Sverrir Ólafsson, Valgerður Hauksdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson.

### Ferðastyrk

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Hafdís Ólafsdóttir, Hafsteinn Austmann, Haraldur Jónsson, Margrét Jónsdóttir, Ólafur Gíslason.

### Úr launasjóði rithöfunda

**3 ár**

Pétur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn.

**1 ár**

Einar Már Guðmundsson, Fríða Á. Sigurðardóttir, Gyrðir Elíasson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Ólafur Haukur Símonarson, Vigdís Grímsdóttir.

**6 mánuði**

Andrés Indriðason, Berglind Gunnarsdóttir, Birgir Sigurðsson, Birgir Svan Símonarson, Böðvar Guðmundsson, Egill Egilsson, Einar Heimisson, Guðjón Friðriksson, Guðlaugur Arason, Guðmundur Andri Thorsson, Guðmundur Ólafsson, Guðmundur Steinsson, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Heiður Baldursdóttir, Iðunn Steinsdóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Ísak Harðarson, Jónas Þorbjarnarson, Kristín Ómarsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Kristján Kristjánsson, Linda Vilhjálmsdóttir, Nína Björk Árnadóttir, Oddur Björnsson, Ólafur Gunnarsson, Páll Pálsson, Rúnar Ármann Arthúrsson, Rúnar Helgi Vignisson, Sigfús Bjartmarsson, Sigfús Daðason, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Pálsson, Sigurjón B. Sigurðsson (Sjón), Stefán Hörður Grímsson, Sveinbjörn I. Baldvinsson, Þorgeir Þorgeirsson, Þorsteinn frá Hamri, Þórður Helgason, Þórunn Valdimarsdóttir.

### Úr Tónskáldasjóði

**3 ár**

Þorkell Sigurbjörnsson.

**1 ár**

Jónas Tómasson.

**6 mánuði**

Hilmar Þórðarson, Lárus H. Grímsson, Tómas Ragnar Einarsson.

### Ferðastyrk

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Þorsteinn Hauksson.

Auk þess voru veitt listamannalaun til þeirra listamanna, sem fengið hafa listamannalaun undanfarin ár og eru orðnir 60 ára og eldri, samkv. 3. gr. laga nr. 35/1991 og ekki fengu starfslaun. Hver fær styrk að fjárhæð kr. 87.000. Þeir eru:

Agnar Þórðarson, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar G. Baldvinsson, Eiríkur Smith, Elías B. Halldórsson, Eyþór Stefánsson, Filippía Kristjánsdóttir, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur L. Friðfinnsson, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Hallgrímur Helgason, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjörleifur Sigurðsson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir Jónsson, Jóhannes Helgi Jónsson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan Jónsson, Jón Óskar, Jón Þórarinsson, Jónas Árnason, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Reyr, Kristján Einarsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Pjetur Friðrik Sigurðsson, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigurður Hallmarsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Júlíusson, Steingrímur St. Th. Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Veturliði Gunnarsson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Pálsdóttir, Örlygur Sigurðsson.